

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 1. desember 2023

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld o.fl. (gistináttaskattur, áfengisgjald o.fl.), 468. mál

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til beiðni efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 17. nóvember sl., um umsögn um ofangreint þingmál, á þingskjali 509.

FA kýs að beina sjónum að V. kafla frumvarpsins, um breytingu á lögum um gjald á áfengi og tóbaki. Þar er lagt til að litlir, sjálfstæðir bjórframleiðendur fái 50% afslátt af áfengisgjaldi.

I. Annað eyrað opið

Félag atvinnurekenda hefur árum saman bent efnahags- og viðskiptanefnd, fleiri nefndum þingsins og fjármála- og efnahagsráðuneytinu á að áfengisskattar á Íslandi eru alltof háir og út úr öllu korti í alþjóðlegum samanburði. Skattlagning áfengis á Íslandi er stórlega íþyngjandi fyrir neytendur og fyrirtæki í framleiðslu og innflutningi áfengis, auk þess sem hæstu áfengisskattar á Vesturlöndum skaða samkeppnishæfni ferðaþjónustunnar. Félagið fagnar því að fjármála- og efnahagsráðherra hafi a.m.k. opnað annað eyrað fyrir þessum málflutningi og lagt fram fyrstu stjórnartillöguna í aldarfjórðung um lækkun áfengisskatta. Út á útfærsluna hefur FA hins vegar ýmislegt að setja.

II. Kolrangir hvatar

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að 50% afsláttur verði veittur af áfengisgjaldi á bjór sem framleiddur er af litlum, sjálfstæðum framleiðendum. Lítil telst framleiðandinn vera ef hann framleiðir bjór með minna en 2.500.000 sentilítrum af hreinum vínanda á ári, en það samsvarar um 500.000 lítrum af bjór sem er 5% að styrkleika. Afslátturinn er veittur af framleiðslu sem inniheldur 550.000 sentilítra af hreinum vínanda sem áfengisgjald er greitt af, en það samsvarar 200.000 lítrum af bjór af styrkleika 5%. Í greinargerðinni er vísað til heimildar í tilskipun ráðs Evrópusambandsins (ekki Evrópuráðsins eins og segir í greinargerðinni) nr. 92/83/EBE til að veita smærri brugghúsum afslátt af áfengisgjaldi.

Eins og afsláttinum er stillt upp í þessu frumvarpi fær fyrirtæki sem framleiðir 499.999 lítra af bjór 50% afslátt af áfengisgjaldi. Fyrirtæki sem framleiðir 500.001 lítra fær engan afslátt. Með þessu eru búin til jaðaráhrif sem verða til þess að fyrirtæki hafa engan hvata til að auka framleiðslu sína umfram ákveðið magn. Ávinningurinn af því að framleiða einn lítra umfram 500.000 lítra markið þyrfti að vera meiri en sem næmi skattaafsláttinum af 200.000 lítrum. Þessi uppstilling vekur furðu, enda er í greinargerðinni vitnað til fyrirkomulags í nágrannalöndunum þar sem afsláttur fer stíglækkandi og fellur loks niður þegar 10 eða 20 milljóna lítra framleiðslu er náð.

FA leggur til að farin verði sambærileg leið og í Danmörku og Finnlandi, þar sem öllum bjórframleiðendum væri veittur 50% afsláttur af fyrstu 200.000 lítrunum miðað við 5% áfengisinnihald

(550.000 sentilítrum af hreinum vínanda sem áfengisgjald er greitt af) og afslátturinn færi síðan stíglækkandi. Ákvæði tilskipunar 92/83/EBE leyfa þetta, enda er skilgreining tilskipunarinnar á litlum, sjálfstæðum framleiðanda að hann framleiði innan við 20 milljón lítra af bjór árlega. Innan þeirra marka rúmast allir innlendir bjórframleiðendur. Með þessu móti nyti öll innlend bjórframleiðsla afsláttar af áfengisgjaldi en afslátturinn skipti hlutfallslega meira máli eftir því sem framleiðandinn væri minni.

Eins og frumvarpinu er stillt upp í núverandi mynd myndu allir núverandi bjórframleiðendur á landinu njóta skattaafsláttar nema þrír, þar af tveir í Eyjafirði. FA telur engar forsendur fyrir slíkri mismunun, enda falla allir íslenzkir bjórframleiðendur undir skilgreiningu EES-samningsins á litlum, sjálfstæðum framleiðendum. Fordæmi eru fyrir því að fyrirtæki njóti afsláttar af sköttum upp að ákveðnu marki óháð stærð; þannig gerir 6. grein laga um veiðigjald nr. 145/2018 ráð fyrir að við álagningu veiðigjalds skuli frítekjumark nema 40% af fyrstu 6 millj. kr. álagningar hvers árs hjá hverjum gjaldskyldum aðila. Þetta er fyrirkomulag sem veitir öllum afslátt en gagnast hinum smæstu hlutfallslega best.

III. Flókið kerfi

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að bjórframleiðendur þurfi að skila til Skattsins gögnum sem sýna fram á að þeir uppfylli skilyrði skattaafsláttar. Þetta eru gögn um framleiðslumagn, áfengisinnihald, eignarhald og sitthvað fleira. Ekki þarf Skatturinn eingöngu að sannreyna upplýsingar frá u.þ.b. 30 innlendum framleiðendum, heldur jafnframt frá miklum fjölda brugghúsa á Evrópska efnahagssvæðinu, sem ætla má að vilji njóta sama skattaafsláttar. Ekkert kemur fram í greinargerð frumvarpsins um hugsanlegan útgjaldaauka skattgreiðenda vegna þessa flókna og væntanlega umfangsmikla kerfis. Að mati FA er rétt að skoða hvort styðja megi við innlenda áfengisframleiðslu með almennum aðgerðum, sem ekki útheimta sömu skriffinnsku.

IV. Mismunun bjór- og vínframleiðenda

Líkt og FA vakti athygli nefndarinnar á í umsögn sinni um 2. mál á yfirstandandi löggjafarþingi, er áfengisgjald á hvern sentilítra hreins vínanda í bjór um 10% hærra en skattur á áfengiseiningu í léttvíni. Eins og fram kom í umsögninni skortir allan rökstuðning fyrir þessu fyrirkomulagi. Það kemur sérstaklega hart niður á innlendum bjórframleiðendum, stórum og smáum, enda er framleiðsla bjórs blómleg og vaxandi innlend atvinnugrein en léttvinsframleiðsla er engin á Íslandi.

Eftir að FA skilaði umsögn sinni um 2. mál til nefndarinnar 3. október sl. sendi félagið fjármála- og efnahagsráðherra beiðni um rökstuðning fyrir þessari mismunun í skattlagningu og hvaða markmiðum hún eigi að ná (sjá fylgiskjal 1). Svarbréf fjármála- og efnahagsráðuneytisins barst 15. nóvember sl. og bendir eindregið til þess að ráðuneytið hafi sjálft ekki hugmynd um af hverju áfengisgjald á bjór er hærra en á léttvíni (sjá fylgiskjal 2). Ráðuneytinu tekst ekki að útskýra hvernig sjónarmið um neyzlustýringu, sem fram komu við framlagningu og flutning málsins á Alþingi, réttlæti að með skattlagningu sé neyzlu beint úr léttara áfengi (bjór) í sterkara (léttvín). „Fjármála- og efnahagsráðuneytinu er ekki unnt, umfram það sem að framan er rakið, að tilgreina frekar þau sjónarmið og þau markmið sem stefnt var að með umræddri skiptingu áfengisgjaldsins né leggja mat á hvernig hin mismunandi skattlagning hafi náð þeim markmiðum,“ segir í svari ráðuneytisins, sem verður að teljast heldur endasleppt.

V. Tillaga um jöfnun áfengisgjalds á bjór og léttvíni

Í ljósi þess að engin rök eru fyrir áður nefndri mismunun í skattlagningu á bjór og léttvíni gerir FA það að tillögu sinni að Alþingi jafni áfengisgjald á hverja einingu hreins vínanda í bjór og léttvíni. Það má gera í skrefum, til dæmis með því að við afgreiðslu 2. máls á yfirstandandi þingi verði áfengisgjaldi á bjór haldið óbreyttu og jöfnunin síðan kláruð á næstu tveimur árum. Þessi breyting kæmi innlendra áfengisframleiðslu til góða, ekki síður en sú tillaga sem lagt er upp með í frumvarpi þessu.

VI. Að lokum

FA leggur til að frumvarpið verði samþykkt, með þeim breytingum sem félagið hefur lagt til, auk þess sem breytingar verði gerðar á 2. máli til samræmis við tillögur í umsögnum félagsins. Félagið áskilur sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum. Þá er félagið reiðubúið að funda með þingnefndinni.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA

Fylgiskjöl:

- 1) Erindi FA til fjármála- og efnahagsráðherra, dags. 31. október 2023
- 2) Svarbréf fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 15. nóvember 2023

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir ráðherra
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Reykjavík, 31. október 2023

Efni: Mismunandi skattlagning léttis áfengis – beiðni um rökstuðning

Líkt og ráðherra mun kunnugt, er framleiðsla áfengis hraðvaxandi atvinnugrein á Íslandi og sérstaklega mikil grózká í bjórframleiðslu. Áfengt öl er nú bruggað hjá hátt í 30 brugghúsum á Íslandi, stórum og smáum. Í flestum eða öllum tilvikum hefur orðið til ferðaþjónusta í kringum reksturinn og þessi starfsemi skapar störf og verðmæti víða um land.

Áfengt öl er í beinni samkeppni við léttvín, bæði sem drykkur einn og sér og með mat. Félagi atvinnurekenda (FA) þykir skjóta skökku við að áfengisgjald leggist þyngra á áfengiseiningu í áfengu öli en í léttvíni. Þannig hefur það verið allt frá gildistöku laga nr. 93/1998. Samkvæmt núgildandi lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, er áfengisskattur á hvern sentilítra vínanda í lítra af bjór umfram 2,25 cl 142,15 krónur. Skattur á sentilítra vínanda í lítra af léttvíni, umfram 2,25 cl., er hins vegar 129,50 krónur. Munurinn er um 10%.

Þessi munur skekkir augljóslega samkeppnisstöðu innlendrar framleiðslu gagnvart innflutningi, enda er ekkert léttvín framleitt á Íslandi. Á síðustu árum hefur áhugi neytenda á handverksbjórum með hærrí áfengisprósentu vaxið, en oft er lítill munur á áfengisinnihaldi slíkra bjóra og vína í léttari kantinum. Mismunandi skattlagning hamlar hins vegar eðlilegri þróun markaðarins.

FA beinir því eftirfarandi beiðni um rökstuðning til ráðherra:

Óskað er eftir rökstuðningi fyrir því hvaða sjónarmið, ef einhver, búi að baki mismunandi skattlagningu á áfengu öli annars vegar og léttvíni hins vegar, sbr. 1. og 2. tölulið 3. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, hvaða markmiðum sé stefnt að og hvernig hin mismunandi skattlagning nær þeim markmiðum.

FA leyfir sér að minna á það ítrekaða álit umboðsmanns Alþingis að það sé óskráð meginregla í íslenskum stjórnáskilurætti að hver sá sem ber upp skriflegt erindi við stjórnvald eigi rétt á að fá skriflegt svar nema erindið beri með sér að svars sé ekki vænt, en við setningu stjórnáskiluræða nr. 37/1993 hafi verið gengið út frá því að þessi regla gilti. Svares við erindi þessu er óskað hið fyrsta.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA



Félag atvinnurekenda
Vt. Ólafur Stephensen
Skeifunni 11
108 Reykjavík

Dagsetning 15. nóvember 2023
Málsnúmer FJR2023110043

Efni: Svar við bréfi Félags atvinnurekenda, dags. 31. október 2023

Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur móttengið erindi Ólafs Stephensens, dags. 31. október 2023, fyrir hönd Félags atvinnurekenda (FA), þar sem óskað er eftir rökstuðningi fjármálaráðherra fyrir því hvaða sjónarmið, ef einhver, búi að baki mismunandi skattlagningu á áfengu öli annars vegar og léttvíni hins vegar, sbr. 1. og 2. tölul. 3. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki. Þá sé óskað eftir rökstuðningi um hvaða markmiðum sé stefnt að og hvernig mismunandi skattlagning nái þeim markmiðum.

Þá er jafnframt rakið í erindinu að framleiðsla áfengis sé hraðvaxandi atvinnugrein á Íslandi og að mikil gróska sé í bjórframleiðslu. Sé áfengt öl nú bruggað hjá hátt í 30 brugghúsum og í flestum tilvikum hafi orðið til ferðapjónusta í kringum reksturinn sem skapi störf og verðmæti víða um land.

Þá kemur enn fremur fram að FA þyki það skjóta skökku við að áfengisgjald leggist þyngra á áfengiseiningu í áfengu öli en í léttvíni en þannig hafi það verið allt frá gildistöku laga nr. 93/1998. Sé 10% munur skv. núgildandi lögum á bjór umfram léttvín sem skekki augljóslega samkeppnisstöðu innlendrar framleiðslu gagnvart innflutningi, enda sé ekkert léttvín framleitt á Íslandi. Hamli mismunandi skattlagning þannig eðlilegri þróun markaðarins.

Varðandi hvaða sjónarmið hafi búið að baki skattlagningu á áfengu öli annar vegar og léttvíni hins vegar þá er því til að svara að bæði í almennum athugasemdum við lagafrumvarp það sem varð að lögum nr. 93/1998 sem og í athugasemdum við 2. gr. þess kom fram að tilgangur með þeirri flokkun sem tekin var upp hafi verið að gera löggjafanum kleift að beita mismunandi gjaldtöku á einstaka flokka áfengis og hafa áhrif á áfengisneyslu. Var sérstaklega tekið fram að ekki stæði til að breyta gjaldi af öli en lagt til að áfengisgjald af víni myndi lækka um 10% frá því sem áður var. Í þessum breytingum fólst einnig lækkun á öðru áfengi en öli og víni en á móti kom að áfengisgjaldið skyldi leggjast á allt vínandamagn í þeim flokki.

Í framsöguræðu Friðriks Sophussonar, þáverandi fjármálaráðherra, sem mælti fyrir frumvarpinu á Alþingi, kom fram að tilgangurinn með umræddri flokkun væri að gera löggjafarvaldinu kleift að beita mismunandi gjaldtöku á einstaka flokka áfengis og beina neyslu frá þeim vörum sem þættu skaðlegri en aðrar út frá áfengisvarnasjónarmiðum. Lagði þáverandi fjármálaráðherra áherslu á að sú breyting sem gerð væri á öðru áfengi en víni og öli leiddi til nokkurrar hækkunar á áfengi. Hækkunin yrði mest á veiku áfengi, til að mynda áfengisblöndum og áfengum gosdrykkjum, en með auknum styrkleika áfengis myndi draga úr áhrifum breytingarinnar. Fjármálaráðherra tók þá sérstaklega fram af þessu tilefni að stuttu áður hefði innflutningur á gosdrykkjarvörum sem væru

blandaðar áfengi hafist og miðað við fyrra verðlagningakerfi þá hefðu þessar tegundir sloppið betur en aðrar.

Þá þykir vert að nefna að við 1. umræðu frumvarpsins beindi Siv Friðleifsdóttir, þáverandi þingmaður Framsóknarflokksins, þeirri spurningu til fjármálaráðherra hverjar væru ástæður þess að álögur á bjór hefðu ekki jafnframt verið lækkaðar og svaraði fjármálaráðherra því til að tilgangur umræddra breytinga væri fyrst og fremst til að koma á flokkun þannig að hægt væri að taka ákvörðun um lækkun á hverjum flokki fyrir sig.

Áhersla frumvarpsins virðist því öðru fremur hafa beinst að því að lækka álögur á léttvín og auka þær á áfengisblöndur og áfenga gosdrykki. Þá var leiðarstef í umsögnum Kaupmannasamtaka Íslands, Sambands veitinga- og gistihúsa, Verslunarráðs Íslands og Samtaka iðnaðarins, sem lagðar voru fram eftir 1. umræðu, á sömu nótum og fram kemur í fyrirbyggjandi erindi FA en í stuttu máli komu fram óskir um að lækka jafnframt álögur á bjór. Í umsögn Verslunarráðs sagði orðrétt: „Þá má að lokum benda á, að með mismunun milli öls og léttvíns eru innlendir bjórframleiðendur settir í aðra og verri stöðu en seljendur erlends léttvíns“. Í umsögn Samtaka iðnaðarins sagði síðan: „Það vekur athygli að í þeim eina flokki áfengis þar sem um umtalsverða íslenska framleiðslu er að ræða er ákveðið að láta gjaldið verða óbreytt“. Skemmt er frá því að segja að athugasemdir þessar urðu ekki tilefni til breytinga á álagningarhlutfalli í meðförum efnahags- og viðskiptanefndar sem gerði þó breytingartillögur er sneru fyrst og fremst að flokkun vörulíða. Frumvarpið var að lokum samþykkt með 31 atkvæðum, hinn 4. júní 1998, og tóku gildi 1. júlí sama ár.

Ljóst má vera að umrædd löggjöf um flokkun áfengis í gjaldflokka hafi þannig hvort tveggja verið ætlað að afla ríkinu tekna og stýra neyslu áfengis með verðlagningu og hafi vilji löggjafans staðið til þess að hafa álögur á áfengi með þeim hætti sem að lokum birtist í þeim lögum sem samþykkt voru á árinu 1998. Fjármála- og efnahagsráðuneytinu er ekki unnt, umfram það sem að framan er rakið, að tilgreina frekar þau sjónarmið og þau markmið sem stefnt var að með umræddri skiptingu áfengisgjaldsins né leggja mat á hvernig hin mismunandi skattlagning hafi náð þeim markmiðum.

Í tilefni af fyrirbyggjandi beiðni þykir þó ástæða til að nefna að fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld o.fl. sem heimila mun, verði frumvarpið samþykkt, 50% lækkun á áfengisgjaldi fyrir tiltekið magn áfengra drykkja sem falla undir 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 96/1995 um gjald á áfengi og tóbaki, og framleiddir eru af litlum og sjálfstæðum framleiðendum.

F.h. ráðherra
Guðlaug María Valdemarsdóttir

F.h. ráðherra
Brynhildur Kr. Aðalsteinsdóttir